

# Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 20. ágúst 2024 kl. 20

Mættir voru: Þorvarður Ingimarsson, fjallskilastjóri, Anna Bryndís, vara-fjallskilastjóri, Hjörleifur Kjartansson og Matthildur Þórðardóttir. Gunnar Jónsson mætti um kl. 21

Þorvarður setti fund.

1. Jafnað niður í göngur. Jafnað er niður í tvennu lagi, á Norðurbyggð og Suðurbyggð, skv. ákvörðun sem kynnt var í fundargerð 24. ágúst 2023.  
Á Norðurbyggð var 97 dagsverkum jafnað á 3.266 kindur, sem gerir 33,7 kindur í dagsverki. Á Suðurbyggð var 8 dagsverkum jafnað á 250 kindur, sem gerir 31,2 kindur í dagsverki. Ekki eru lögð dagsverk á Múla og Kiðafell. Bændum í Múla falið að smala því fé sem sést utan girðinga í Múlanum.  
Fjallskilastjóri sér um að fé sem sést í Kiðafelli verði sótt.  
Einnig hefur fjallskilastjóri rætt við fjallskilastjóra í Skriðdal, að á fjárbændur á Suðurbyggð í Fljótsdal verði ekki lögð dagsverk á Gilsárdal.

2. Gangnastjórar eru skipaðir:

- Í Rana Hallgrímur Þórhallsson
- Undir Fellingum Gunnar Jónsson
- Á Múla Hjörleifur Kjartansson
- Á Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði Jósef Valgarð
- Í Útheiði Eiríkur J. Kjerulf

Rekstrarstjóri með fénu út Norðurdal Gunnar Jónsson

Réttarstjóri á Melarétt Hörður Guðmundsson. Til vara Þorvarður Ingimarsson.

Lagt verður af stað í fyrstu göngu undir Fell mánudag 9. september; í Rana þriðjudag 10. sept. Útheiði verður smöluð föstudag 13. september.

Réttardagur 2025 verður 13. september.

3. Önnur fjallskilamál

Réttað verður í Melarétt laugardag 14. september.

Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11

Byrjað verður að rétta um kl. 12

Mælt er til þess að loknum réttarstörfum að sá sem á lengstan rekstur heim fari fyrstur með sinn fjárhóp úr rétt og þannig koll af kolli.

Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi.

Óskað er eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning á fé úr aðliggjandi sveitum, líkt og verið hefur, það gildir þó ekki fyrir álögð dagsverk.

Flutningur á fé skal vera í samráði við og með samþykki fjallskilastjóra óski menn eftir að sveitarfélagið greiði fyrir hann. Eitt dagsverk að sækja fé í Hrafnkelsdal miðast við eina ferð með tveggja hæða kerru.

Fjallskilanevnd ítrekar að gangnastjórar skili inn dagbók til fjallskilastjóra fyrir 1.

nóvember þar sem fram kemur dagsetning gangnadaga, hverjir voru gangnamenn, fjárfjöldi sem smalað var og hvernig til tókst með gönguna.

Fjallskilanevnd hvetur gangnamenn til að vera með talstöðvar og að vera í sjálflýsandi vestum í göngum.

Rétt er að minna menn á að fylgjast með veðurspám og vera við því búnir að fara með stuttum fyrirvara til fjalla ef ástæða þykir til.

Bjarki Sigurðsson hefur unnið við Melarétt að lagfæringum.

Sturluflatarrétt hefur verið aflögð að ósk ábúanda. Fé af Villingadal verður þar af leiðandi smalað út Flatarheiði og Víðivallaháls.

#### Úr nýrri fjallskilasamþykkt:

#### IV. kafli. Um fjallskil að hausti.

14. gr. „Haustgöngur skulu hefjast svo fljótt í september sem þurfa þykir. Þó skal ekki hefja göngur í neinni fjallskiladeild fyrr en haft hefur verið samráð við aðliggjandi fjallskiladeildir, svo að samsmölun geti farið fram. Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstrarheimalönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju, og **skal annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.**“

16. gr. ... „Hver bóndi eða jarðeigandi, hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðijarða, þó þeir eigi þar ekki fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.25

Fundargerð ritaði Anna Bryndís

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Matthildur E. Þórðardóttir (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Anna Bryndís (sign)